

Gróska

Fréttablað gróskudaga 2012



Að tjá og leika

Stephen A.

Leiklistarsmiðjan hélt sig á planinu við mótuneytið og voru þau djúpt sokkin í hópleiki sem og að styrkja tjáningarfrelsið og nemendum voru að leyfa sér að bindast sterkum böndum með markmiðið að styrkja heild hópsins. „ZÚMM“,

„ANDSKOTINN“, „KÚKA“. Snerist leikurinn um og virtist ganga út á að þáttakendur mældu orðin í réttri röð og héldu einbeitingunni á meðan þeir gerðu armbeygjur sem refsingu ef viðkomandi tapaði.

Jónína Eyja og Bylgja sáu um umsjón hópsins: „Þetta leyfir fólki að bindast vinaböndum og finnst mér þörf á að hafa einmitt

einhvað svona í grunnskólum sem hópefningu.“ segir Bylgja. „Ég veit að þegar ég var í námi var ég ekkert mikið inn í félagslífinu en svona tímar hjálpuðu mér mikið eftir menntaskólann“ segir Jónína. Við spurningunni um hvort einhverjir höfðu það að markmiði að komast langt í leiklist svaraði Jóhann Gunnar í gríni og hæðni: „Ég veit, eftir þennan tíma er það


Enginn þurrvísindi!

Stephen A.

Í stofu 16 á gróskudögum safnast saman áhugafólk um efnafræði og skemmtir sér við fróðleik, sprengingar og blöndun á kemískum efnum. Jón Reynir, skólameistari, ásamt Jóhanni Kristjáns og Ólafi Jens voru í óðaönn við að frysta rör og leika með þurrís á meðan þeir útskýrðu hin ýmsu efnasambönd og hvaða öfl væru að verki fyrir allra augum. „Sprengingar, þar


kviknaði áhuginn“ segir Óli Jens kennari í eðlisfræði. „Sjónrænar og hljóðrænar tilraunir vekja mestan áhuga nemenda, þetta eru ekki þurrvísindi að því leyti. Það kemur manni á óvart og skemmtir, þar með vaknaði minn áhugi“ segir Jóhann eða Jói Stæ eins og hann er kallaður á göngum skólans. Hann tekur fram að vegna aukins áhorfs og aðgangs ungmenna að youtube og myndböndum af tilraunum þá vakni áhugi unglunga á efnafræði að nokkru leyti og er eftirspurn til að framkvæma „verklega

efnafræði“ í eðlis- og efnafræðitímum á hverjum degi og er því vel mætt í smiðjuna og mikill áhugi.



Alltaf áhugi fyrir listsköpun

Jóhanna B.
Stephen A.



Margrét Skúladóttir og Andrea Harðardóttir sáu um mósaiksmiðjuna í undirgöngum skólans yfir gróskudagana.

Spurt var um tengsl ungmenna við list og listsköpun í dag og hvernig gangi að viðhalda framboði greina sem tengjast þeim listrænu fögum í ljósi niðurskurðar í menntakerfinu. „Það er alltaf verið að reyna að bæta við þetta en það má alltaf

vera meira. Ég held að það þurfi að kynna þetta betur fyrir nemendum, þeir vita ekki allir um hvað þetta snýst. Öll svona skapandi vinna þar sem maður lærir að hugsa sjálfstætt er mjög góð og því miður eru fög tengd listsköpun fyrst skorin niður; Svona námskeið eru mjög vinsæl þegar þau eru í boði“ segir Margrét og bætir við að áhugi hennar sé fyrst og fremst á að skapa. Af hverju valdir þú að vera með mósaik? „Við prófuðum þetta í fyrra og gerðum þá stóra hópmynd af skólanum og erum að reyna að finna handverk sem allir geta gert í hóp.“ sagði Margrét.

Hver er hugmyndin að hópmynd í ár? „Það verður engin hópmynd heldur verður gerður hitaplatti þannig að hver einstaklingur fær að eiga sinn hlut og þarf að nýta hugmyndarflugið.“ Hvernig er þetta gert? „Á spýturnar eru teiknaðar myndir eða mynstur og svo eru valdar flísar sem annað hvort eru niðurskorðar eða þarf að brjóta niður. Þær eru svo límdar á spýturnar og daginn eftir er fúgað yfir. Skemmtilegt verður að sjá hvernig þetta heppnast og kemur út.“

Heimsmeistaramót unglunga

Jóhanna B.



Thelma Rut er ný komin heim af heimsmeistara móti unglunga sem haldið var í Roccarasso á Ítalíu í síðustu viku. Hún náði mjög góðum árangri á því móti og hafnaði í 63 sæti. Ég nýtti mér tækifærið og spurði hana aðeins

út í mótið og hvar áhuginn á skíðaíþróttinni hefði kviknað. Hvernig var á HM? „Geðveikt gaman.“ Hvað gerir þú til að ná þessum árangri? „Æfi, ég varð unglungameistari í flokki 15-16 ára og komst þá í unglungalandsliðið og var valin í að fara á HM.“ Hvað fékk þig til að byrja að æfa svigskíði? „Pabbi minn var alltaf að æfa og svo þjálfari og einn daginn fór ég með honum og mömmu upp í fjall og

fannst það bara svo gaman að ég byrjaði að æfa.“ Hvað ertu búin að æfa lengi? „Síðan ég var fjögurra ára.“ Hversu of og lengi æfir þú á viku? „5 sinnum og í 18 tíma.“ Hversu langt stefnir þú? „Á meðan þetta er gaman þá æfi ég.“ Áttu þér fyrirmynd í þessari grein ef svo er hver er það? „Já það er Lindsey Vonn.“ voru lokaorð Thelmu Rutar.

Meistara flokkur kvenna í körfu bolta

Jóhanna B.



Mikill áhugi er á körfuknattleik herna á ísafirði og er þá mikið talað um meistaraeild karla en það er ekki eins mikið fylgst með meistaraeild kvenna. Ég fann tvær úr meistaraeild kvenna og spurði þær útí æfingar og hvar

þeim fyndist áherslan mest lögð á. Hvernig er að vera í meistaraflokki kvenna? Rosalega gaman. Hvernig er mórallinn í liðiðnu? Mórallinn er skritinn og furðulegur. Hvort er lögð meiri áhersla á meistara flokk kvenna eða karla? alltaf karlaflokkinn Hversu oft eru æfingar í viku? Það eru 5 meistaraflokksæfingar, 2 stúlknaflökksæfingar og 2 morgunæfingar. Hvaða lið hafa verið erfiðust? Grindavík.

Lokasýning á söngleiknum Grease

Erla M.

Leikfélag MÍ var með lokasýningu á söngleiknum Grease í Félagsheimilinu í Hnífsdal í gærkvöldi. Á sýningunni var salurinn fullsetinn og komust færri að en vildu. Þessi söngleikur hefur hlotið mikilla

vinsælda hér í Ísafjarðarbæ og hefur fengið fleiri hrós en athugasemdir um það sem betur hefði mátt fara. Meðan á þessari síðustu sýningu stóð voru allir leikarar með svefngalsa vegna þess að þessi sýning var mjög seint að kvöldi til og allir orðnir þreyttir. Ástæðan fyrir þreytunni var sú að það var búið að æfa á fullu fyrir þetta leikrit og það hefur sko sannarlega skilað

sér. Eftir allar samverustundir leikara og allra sem koma að leikritinu á einhvern hátt voru fæstir ánægðir með að þurfa að kveðja að sinni. Leikritið gerði þá svo nána að margir voru farnir að spá í sýningu um páskana. Vandamál í sambandi við þá sýningu er það að fólk er að fara burt í frí og því geta ekki allir leikarar verið til staðar.



Jóhann Gunnar Guðbjartsson

Djöfull er þetta búið að vera asnalega skemmtilegar 2 síðustu vikur! fakk me sideways!